



Verksvið iðjubjálfa við leik- og grunnskóla Kópavogs

Hlutverk

Iðjubjálfi leggur mat á stöðu nemenda sem eiga í erfiðleikum með hreyfifærni og teljast á sérsviði iðjubjálfa. Iðjubjálfi veitir einnig ráðgjöf þegar nemendur nýta hjálpartæki vegna fötlunar. Iðjubjálfi kemur með tillögur að úrbótum í skóla og veitir nemendum, foreldrum og starfsfólki ráðgjöf. Einn liður í þjónustunni er að kanna aðstæður í skóla og koma með hugmyndir að aðlögun umhverfis.

Markmið

Að efla almenna þátttöku barna við skólatengd viðfangsefni, m.a. með því að stuðla að aukinni færni við nám og félagsleg samskipti.

Starfsfyrirkomulag

Athuganir eru unnar að beiðni skólaþjónustu og skulu þær berast á sérstökum eyðublöðum.

Þjónusta iðjubjálfans miðast við þarfir nemandans hverju sinni og áhersla er lögð á þau verkefni sem þarf að leysa í skólanum í samráði við nemendur, foreldra og fagfólk. Þjónustan getur einnig snúið að vinnuumhverfi nemenda og starfsfólks.

Iðjubjálfi:

- Byr yfir sérþekkingu á daglegri iðju, mati á henni og úrræðum er varða skerta færni.
- Skilgreinir færni nemenda við skólatengda iðju.
- Vinnur að greiningum s.s. með mati á hreyfifærni og skynúrvinnslu og með vettvangsathugunum í skólum.
- Vinnur í nánu samstarfi við nemendur, foreldra og starfsfólk skóla og tekur þátt í þverfaglegri teymisvinnu vegna einstakra nemenda.

Skýrsla

Iðjubjálfi skilar skýrslum til skólaþjónustunnar eftir hvert verkefni og lokaskýrslu að vori.